

1928

Föstudaginn 29. október 1993.

Nr. 434/1993. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
gegn
Halldóri Margeiri Ólafssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með kæru 26. október 1993, sem barst Hæstarétti 28. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími en í hinum kærða úrskurði. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. október 1993.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Halldóri Margeiri Ólafssyni, kt. 210968-4079, með lögheimili að Hverfisgötu 82, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 18.00 mánudaginn 15. nóvember nk. vegna grunar um brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni.

Mál þetta tengist umfangsmiklu fíkniefnamáli, sem hófst í júlí sl., er tveir menn voru handteknir af tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli við komu hingað til lands frá Amsterdam. Í fórum annars þeirra fannst umtalsvert magn af fíkniefnum, falið innan klæða og í fötum.

Rannsókn hefur aðallega beinst að því, hvernig innflutningi á fíkniefnum

til landsins hefur verið háttað, svo og að fjármögnun og skipulagi innflutningsins.

— — —
Af framansögðu þykir rökstuddur grunur vera um, að kærði tengist máli þessu á þann hátt, að varðað geti við lög nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni. Brot á þeim lögum og reglugerð geta varðað kærða fangelsisrefsingu.

Eins og að ofan greinir, hefur rannsókn máls þessa, sem er eitt hið umfangsmesta sinnar tegundar, er upp hefur komið hér á landi, verið mjög viðamikil og teygt anga sína víða. Telja verður, að rannsókn máls þessa, sem er ólokið, sé á viðkvæmu stigi, þar sem sífellt berast nýjar upplýsingar og nýr framburður gæsluvarðhaldsfanga og annarra, sem yfirheyrðir eru vegna málsins. Þannig er eftir að staðreyna atriði úr framburðarskýrslu Jóhanns Tómasar Ziemsen, er hann gaf hjá lögreglu 2. nóvember sl. Þá hefur kærði sýnt skort á samstarfsvilja við rannsókn málsins með því að neita að tjá sig um málsatvik.

Þar sem hætta þykir á, að kærði muni torvela rannsókn málsins, fari hann frjáls ferða sinna, svo sem með því að afmá merki eftir brot eða hafa áhrif á vitni eða samseka, þykir verða að taka til greina kröfu lög-reglustjórans í Reykjavík um áframhaldandi gæsluvarðhald á hendur kærða með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ekki er fallist á, að b-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 eigi við í máli þessu.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, Halldór Margeir Ólafsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til kl. 18.00 mánudaginn 15. nóvember 1993.